

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, á ársfundi
Hafrannsóknastofnunar 13. nóvember 2020**

Sjávarútvegs- og landbúnaðaráðherra, Kristján Þór Júlíusson, forstjóri
Hafrannsóknarstofnunar, Sigurður Guðjónsson, góðir áheyrendur.

Ég vil byrja á að óska Hafrannsóknastofnun til hamingju með þennan
glæsilega ársfund. Ársfundir stofnana, fyrirtækja og félaga eru mikilvægt
tækifæri til að staldra við í dagsins önnum og líta yfir farinn veg, en ekki
síður til að horfa til framtíðar – og það er mér heiður og ánægja að mega
segja fáein orð við þetta tækifæri.

Hafrannsóknastofnun er ein mikilvægasta rannsóknastofnun sem
starfrækt er hér á landi og gegnir hún afar þýðingarmiklu hlutverki við
öflun þekkingar og vöktun lífríkisins í hafinu umhverfis Ísland og í
vatnakerfum landsins. Við Íslendingar erum eyþjóð í miðju úthafi og
landið okkar er auðugt af vatni í öllum tilbrigðum. Sjávar-, vatna- og
fiskirannsóknir eru því afar mikilvægur grundvöllur verðmætasköpunar,
afkomu og menningar íslensku þjóðarinnar.

Háskóli Íslands og Hafrannsóknastofnun hafa átt í farsælu samstarfi um langt árabíl og fyrir áratug gerðu stofnanirnar með sér samning til að formgera samstarfið enn frekar. Markmið samstarfssamningsins er að efla þekkingarlegar undirstöður fyrir vernd og nýtingu sjávarauðlinda Íslands. Háskóli Íslands hefur margt fram að færa í þessu samstarfi með því að bjóða menntun á öllum námsstigum auk þess að stunda fjölbreyttar rannsóknir sem m.a. taka til hafs og vatna, lífríkis og umhverfis. Um leið er Hafrannsóknastofnun sjálfstæð rannsóknastofnun sem aflar vitneskju um hafið og vatnakerfið, lífríki þess og umhverfi í þeim tilgangi að stuðla að skynsamlegri nýtingu sjávar og vatna. Það eru því sameiginlegir hagsmunir beggja stofnana að auka rannsóknir á þessum auðlindum og umhverfisþáttum þeim tengdum, að efla menntun, einkum á framhaldsstigi, á sviði haf-, vatna- og fiskirannsókna, að auka þekkingu á viðfangsefnum íslensks sjávarútvegs og að samnýta aðstöðu og færni hvors annars.

Til að ná þessum markmiðum hafa Háskólinn og Hafrannsóknastofnun komið á fót samstarfsnefnd um samskipti aðila og er hún skipuð fjórum einstaklingum frá hvorri stofnun. Á vettvangi nefndarinnar er fjallað um rannsóknir og sameiginleg rannsóknaverkefni, þar með taldar hugmyndir að lokaverkefnum nemenda sem unnar eru á grundvelli efniviðs og gagna Hafrannsóknastofnunar. Einnig stuðlar nefndin að sameiginlegum umsóknum um rannsóknastyrki og leitar að tækifærum á því sviði.

Önnur meginverkefni samstarfsnefndarinnar eru að þróa framhaldsnám á sameiginlegum fræðasviðum með virkri aðkomu sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar og með tækifærum fyrir nemendur til að vinna verkefni undir sameiginlegri leiðsögn starfsfólks Háskólans og Hafrannsóknastofnunar. Einnig er verkefni nefndarinnar að beita sér fyrir auknu framboði á styrkjum til nemenda í rannsóknanámi m.a. með framlögum frá fyrirtækjum. Þá er meðal verkefna nefndarinnar að standa að fundum og málstofum um rannsóknir á sameiginlegum fræðasviðum og að hafa samráð um tækjakaup og samnýtingu rannsóknatækja, aðstöðu, eldisstöðva, rannsóknaskipa, gagna og upplýsinga.

Loks kveður samstarfssamningurinn á um að aðilar skulu leitast við að breikka vettvang samstarfsins, m.a. með áherslu á rannsóknir á sviði hafshotnarannsóknna og jarðfræði og með samstarfi við rannsóknasetur Háskóla Íslands víðsvegar á landsbyggðinni. Rannsóknir á hafshotni og jarðfræði, túlkun hafshotnsgagna og kortlagning fiskveiðilögsögu Íslands er dæmi um mikilvægt rannsóknasvið sem nauðsynlegt er að efla og miðla með menntun til komandi kynslóða.

Það er mér mikil ánægja að segja frá því hér að í apríl sl. var svo undirritaður viðbótarsamningur á milli Hafrannsóknastofnunnar og Háskóla Íslands sem treystir samstarfið enn frekar. Kveður nýi samningurinn sérstaklega á um samvinnu á sviði meistaranáms í sjávar- og vatnalíffræði með áherslu á fiskifræði, og annast Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands framkvæmd samningsins af hálfu skólans. Frá og með haustinu 2020 býður deildin, í samvinnu við Hafrannsóknastofnun, upp á tveggja ára 120 eininga meistaranám í sjávar- og vatnalíffræði með áherslu á fiskifræði sem kjörsvið innan meistaranáms í líffræði. Háskóli Íslands hefur þegar auglýst akademískt starf á sviði fiskifræði, fiskalíffræði og sjávarlíffræði til að tryggja að námið nái fótfestu innan deildarinnar. Ég vil þakka Hafrannsóknastofnun fyrir glæsilegt framlag til námsins. Fjögurra manna stjórn heldur utanum námið og innan Hafrannsóknastofnunar er sérfræðingur sem hefur umsjón með meistaranáminu og sinnir kennslu og leiðbeiningu nemenda með kennurum Háskóla Íslands, auk þess sem sett hafa verið á laggirnar ný námskeið. Þá geta sérfræðingar Hafrannsóknarstofnunar sem taka mikinn þátt í kennslu og leiðbeiningu meistaranema sótt um að verða akademískir gestakennarar við Líf- og umhverfisvísindadeild á grundvelli faglegra hæfniskrafna Háskóla Íslands.

Góðir áheyrendur. Eins og ég gat um í upphafi þjónar samstarf Háskóla Íslands og Hafrannsóknastofnunar ekki aðeins stofnunum tveimur heldur er það í þágu samfélagsins alls. Og það blasir við að mikilvægi þessa samstarfs mun aðeins aukast á komandi árum samfara risavöxnum áskorunum á borð við hnattræna hlýnun, hækkun yfirborðs og súrnun

sjávar og breytingum á hegðun hafstrauma og fiskistofna, svo nokkuð sé nefnt.

Það er því gleðiefni að segja frá því að í tilefni 90 ára afmælis Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands, og 80 ára afmælis Margrétar danadrottningar í apríl sl. ákvað stjórn Carlsbergsjóðsins að koma í samvinnu við íslensk stjórnvöld á fót dansk-íslensku rannsóknasetri um samspil loftslags og vistkerfa og áhrif loftslagstengdra breytinga í hafinu á íslenskt samfélag í víðasta skilningi. Mun Carlsbergsjóðurinn leggja til þessa metnaðarfulla verkefnið röskar 500 m.kr. og íslenska ríkið 240 m.kr. Rannsóknasetrið er þverfræðilegt og mun heita „Þverfræðilegt rannsóknasetur Margrétar drottningar og Vigdísar Finnbogadóttur um hafið, loftslag og samfélag.“ Rannsóknasetrið hefur aðsetur bæði við Kaupmannahafnarháskóla og Háskóla Íslands og er lagt kapp á að ráða unga og hæfileikaríka vísindamenn til að stunda rannsóknir í tengslum við verkefnið. Háskóli Íslands hefur þegar auglýst akademískt starf í haffræði og mun sá einstaklingur sem verður ráðinn leiða samstarfið fyrir hönd skólans. Þungamiðja verkefnisins verður hafið umhverfis Ísland, en jafnframt mun það nýtast til að auka skilning á þróuninni í Norður Atlantshafi í heild sinni. Verður þetta nýja verkefni vafalítið til þess að styrkja samstarf Háskóla Íslands og Hafrannsóknastofnunar enn frekar.

Kæru ársfundagestir. Ég vil að lokum aftur þakka Hafrannsóknastofnun fyrir samstarfið við Háskóla Íslands og lýsa þeirri einlægu ósk minni að farsælt samstarf þessara stofnana muni enn eflast á komandi árum, þeim sjálfum og íslensku samfélagi til heilla.

Takk fyrir.